

Orkuhúsið Urðarhvarfi 8 Læknastöðinn

Sími 5200100

MINNI AXLARADGERÐIR, AXLARSPEGLANIR OG FRÆSING Á BEINUM

Þegar þú kemur á deildina þarftu að vera fastandi og hafa farið í sturtu um morguninn. Þá fer fram skoðun skurðlæknis og svæfingalæknis og öxlin merkt. Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og er farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim.

Hreyfing: Þú mátt fara að hreyfa hendina fljótlega eftir aðgerð, auka síðan hreyfingu uns fullri hreyfigetu er náð, en það getur tekið nokkrar vikur. Oft er notaður fatli í 1-3 vikur það segir læknir þinn þér eftir aðgerðina.

Verkir: Eru algengir fyrstu dagana. Læknir þinn lætur þig hafa lyfseðil á verkjalyf. Gott að nota kælibakstra fyrstu dagana ca 20 mín í einu.

Umbúðir: Taka umbúðir af eftir 4-5 daga, þá getur þú farið í sturtu. Setja síðan sótthreinsaðar umbúðir yfir (fást í apótekum). Umbúðir þarf að hafa yfir meðan vætlar úr sárinu, en það er algengt vegna vökvans sem notaður er í aðgerðinni. Ef enn vætlar úr sárinu eftir ca. viku þá þarftu að hafa samband við okkur. Áður en þú ferð af læknastofunni ræðir læknir þinn við þig og og ákveður hvort eða hvenær sé þörf á að þú hittir hann að nýju.

Hætta er, þó lítil sé, á fylgikvillum við allar aðgerðir t.d. Ofnæmi blóðtappi, hiti, sýking, blæðing, taugaskaði verkir ofl.

Ef eitthvað ofangreint ber að höndum þá átt þú að hafa beint samband við læknastöðina á dagvinnutíma eða bráðadeild eða læknavakt utan dagvinnu.

Óskum þér góðs bata, starfsfólk Orkuhússins Urðarhvarfi 8

Sími 899 9941	
Ágúst Kárason bæklunarlæknir orthopaedic surgeon	<u>Næsta viðtal</u>
	daginn kl.
Tímappantanir virka daga 10 til 16 s. 520 0100	